

Sæll Haraldur

Fyrir okkur er mjög mikilvægt að eiga góða skólaþjónustu sem allaf er til taks. Við höfum fært fólk innan húss sem mætir einstaklingsþörfum nemenda og við vinnum saman að lausnum. Á þennan spurningalista vantar vinnu við innleiðingu farsældar. Þar hefur verið mikil vinna, margir fundir undir stjórn skólaþjónustu við að samræma og samhæfa ferla, verklag og úrræði með öllum skólunum í uppsveitum. Til okkar kemur tvisvar í mánuði náms- og starfsráðgjafi á vegum skólaþjónustunnar, það er ekki minnst á þá þjónustu. Eining vantar vinnu við fjölmenningu sem er vaxandi þáttur í verkefnum okkar og með skólaþjónustu. Skólaþjónustan hefur einnig staðið fyrir kynningum í skólanum á málefnum varðandi farsældarlögin, staðið fyrir samstarfi skóla á ólíkum sviðum þannig að fólk hittist óformlega og spjalli um ákveðin málefni. Skólaþjónustan tók við ákveðnum verkefnum eins og til dæmis Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk.

Ég skrái ekki hjá mér öll þau skipti sem við höfum samband við skólaþjónustuna og hafði því samband við Gunnlaugu og þar þetta undir hana.

- Í hversu mörgum nemendateymum sitja fulltrúar frá Skóla- og velferðarþjónustunni og hvort er það tengt sérfræðiþjónustu fyrir skóla eða velferð?
1 teymi með fulltrúum frá báðum sviðum skóla og velferð.
- Hversu oft hefur skólinn óskað eftir aðstoð frá skólaþjónustu vegna mála innan skólans?
Ca 15-20 skipti óskað eftir mismunandi ráðgjöf vegna ýmissa mála varðandi stjórnun og kennslu.
- Hversu oft hefur skólinn óskað eftir aðstoð frá velferðarþjónustu vegna mála innan skólans?
Eitt skipti óskað eftir aðstoð fyrir utan teymisvinnslu sem er fyrir ofan.
- Hversu oft hefur starfsmaður frá skólaþjónustu þurft að koma í skólann til að veita ráðgjöf eða hitta kennara og/eða foreldra?
Ekkert skipti sérstaklega, en komið í teymi með kennurum og foreldrum og komið á fundi nemendaverndarráðs. Að auki veit skólastjóra ráðgjöf.
- Hversu oft hefur starfsmaður frá velferðarþjónustu þurft að koma í skólann til að veita ráðgjöf eða hitta kennara og/eða foreldra?
Þau hafa komið á nemendaverndarráðsfundi og svo eingöngu hitt börn í skólanum.
- Hversu oft hefur skólinn óskað eftir samþættingu máls vegna farsældar barna?
Engin samþætting í gangi en allur undirbúningur er unnin með skólaþjónustu.
- Hversu oft hefur Skóla- og velferðarþjónustan hafið samþættingu máls vegna barns innan skólans og skipað málstjóra vegna farsældar barna?
Það hefur ekki verið gert, en rætt á fundum og með foreldrum og ekki talin ástæða til í samræmi við markmið laga.
- Hversu margar tilvísanir vegna greininga eða athugunar hafa verið sendar til sálfræðings á tímabilinu? *Gott ef hægt er að flokka niður gróflega á ástæður tilvísunar*
Fimm sinnum verið óskað eftir sálfræðimati.
- Hversu margar tilvísanir hafa verið kláraðar af sálfræðingi á tímabilinu?
Tveimur lokið og skilað og þrjár í vinnslu og skilað í maí mánuði.

- Hversu margar tilvísanir til sálfræðings hafa leitt til formlegra greininga á tímabilinu?
Þeim sem hefur verið skilað.
- Hversu margar tilvísanir vegna greininga eða athugunar hafa verið sendar til talmeinafræðings á tímabilinu? Gott ef hægt er að flokka niður gróflega á ástæður
Tvær tilvísanir í málþroskamát og eitt barn í þjálfun í dag. Einn lauk þjálfun vor 2023. Unnið eftir ráðleggingum talmeinafræðings í tveimur málum.
- Hversu margar tilvísanir hafa verið kláraðar af talmeinafræðingi á tímabilinu?
Við höfum fengið skil frá talmeinafræðingi á báðum tilvísunum.
- Hversu margar tilvísanir til talmeinafræðings hafa leitt til formlegra greininga á talvanda á tímabilinu?
Við sendum ekki endilega vegna talvanda, heldur vegna framburðar, málþroska, tvítýngi og fleira. Hvorug skilin vörðuðu talvanda.

Þar fyrir utan erum við að vinna með þetta innan skólans þó við getum alltaf leitað til skólaþjónustu í þeim málum líka.

9 teymi starfsmanna innan skólans vegna barna

8 teymi með foreldrum og starfsmönnum

9 skipti höfum við veitt ráðgjöf til foreldra

24 skipti höfum við veitt formlegan jafningjastuðning vegna mála en slíkur stuðningur er í gangi alla daga

1 skipti námskeið fyrir foreldra vegna kviða barns og foreldris

8 viðtöl við börn fyrir utan það sem náms- og starfsráðgjafi sinnir.

Nánara upplýsingar getum við ekki gefið vegna persónuverndar, okkar nemendur er svo fái.